



Umhverfis- og samgöngunefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. desember 2023

Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér frumvarp þetta og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Landvernd styður það að þau sem menga þurfi að borga fyrir það, samanber mengunarbótareglu umhverfisréttar. Landvernd er þeirrar skoðunar að allar losunarheimildir skuli vera á ábyrgð þess sem losar og að Ísland eigi ekki að skorast undan ábyrgð með undanþágu um að halda áfram að veita endurgjaldslausar losunarheimildir til flugrekenda lengur en aðrar þjóðir í Evrópu.

Á yfirstandandi loftslagsþingi Sameinuðu þjóðanna er það yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda að beita sér fyrir því að niðurgreiðslu á notkun jarðefnaeldsneytis verði hætt. Noti Ísland sér undanþágu til þess að veita endurgjaldslausar losunarheimildir til flugrekenda af þeim losunarheimildum sem ríkið fær til uppboðs 2025 og 2026 er ríkið að niðurgreiða notkun jarðefnaeldsneytis. Bæði hefur það neikvæð áhrif á loftslagið þar sem útboði á öllum losunarheimildum er ætlað að hvetja til samdráttar, sem og verður ríkissjóður af tekjum með því að úthluta heimildunum án endurgjalds.

*Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Landverndar*

Þorgerður M Þorbjarnardóttir